



BA ritgerð

Mannfræði

Náttúran og varnarlaus samfélög

Mannfræði á hamfaratímum

Anna Katrín Jónsdóttir

Leiðbeinandi Helga Ögmundardóttir
Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

Náttúran og varnarlaus samfélög
Mannfræði á hamfaratímum

Anna Katrín Jónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði
Leiðbeinandi: Helga Ögmundardóttir
12 einingar

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní, 2018

Náttúran og varnarlaus samfélög: Mannfræði á hamfaratímum

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í mannfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Anna Katrín Jónsdóttir, 2018

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Tíðni og alvarleiki hamfara tengdum náttúrunni hefur aukist á undanförunum áratugum sem má rekja að mestu leyti til loftslagsbreytinga. Tilgangur ritgerðarinnar er að skoða hvað felst í hugtakinu náttúruhamfarir og hvernig varnarleysi samfélaga hefur áhrif á stærð atburða sem flokkast sem slíkir. Upplifun fólks af náttúrulegum atburðum sem valda skaða er mismunandi eftir menningum og viðbrögð þeirra eru eftir því. Mannfræðin leggur áherslu á að meta verði hvert samfélag eftir þeirra eigin forsendum án fyrirfram ákveðinna hugmynda rannsakandans. Menningarlegt afstæði er því mikilvægt þegar kemur að því að veita samfélögum aðstoð vegna neyðar og þegar orsakir neyðarinnar eru metnar. Mannfræðingar hafa bent á að ekki séu til náttúruhamfarir, eingöngu manngerðar hamfarir sem megi rekja til ójöfnuðar og kerfisbundis ofbeldis sem þrífst í samfélaginu áður en náttúrulegur atburður á sér stað. Umræður um náttúruhamfarir hafa verið áberandi síðustu misseri, en þær fjallar aðeins um hluta þeirra hamfara sem eiga sér stað í heiminum. Ýmis öfl hafa vald til þess að stjórna því hvaða upplýsingar berast almenningi, þ.á.m. fjölmiðlar, stjórnvöld og þekktir einstaklingar. Þetta hefur áhrif á hvaða mynd er dregin upp af atburðunum og samfélögunum sem verða fyrir afleiðingunum. Fjöl margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum náttúrunnar á mismunandi samfélög og verða nokkur þeirra skoðuð í ritgerðinni. Þegar horft er til framtíðar og yfirvofandi náttúruváa er mikilvægt að hafa sjónarhorn mannfræðinnar í huga þar sem fjölbreytileiki fólks er virtur og þarfir hvers samfélags metnar fyrir sig.

Abstract

The frequency and severity of disasters related to nature has increased in the last few decades which can be traced to climate change. The purpose of this essay is to look into the meaning of the concept natural disaster and how vulnerability of societies influences the magnitude of these events. People experience natural events that cause harm in different ways according to their culture and react in consistence to that. Anthropology places emphasis on valuating each society by their own standards and without a predetermined assumption. Cultural relativism is thus important when providing emergency assistance and when evaluating the causes of the disaster. Anthropologists have pointed out that there is no such thing as natural disasters, only man-made disasters related to inequality and structural violence rooted in the society before nature struck. Lately the discourse on natural disasters has been prominent although it is only regarding a small proportion of events happening in the world. Various forces have the power to control which information reaches the public, including media, authorities and famous individuals, which influences what view is shown of the events and the societies that suffer the consequences. Numerous studies have been done on the affects of nature on human societies and a few af them will be mentioned in the essay. When looking towards the future and imminent natural hazards, it is important to have anthropology included so that human diversity will be respected and the needs of each society valued.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Abstract	5
Efnisyfirlit.....	6
1 Inngangur	7
2 Kenningar og hugtök	10
3 Náttúruhamfarir og mannfræðin	13
4 Dreifing neyðaraðstoðar.....	17
5 Viðbrögð samfélagsins	21
6 Áhrif fjölmiðla	23
7 Uppbygging eftir hamfarir	25
8 Loftslagsbreytingar og framtíðin.....	29
9 Lokaorð og umræður.....	32
Heimildaskrá	34

1 Inngangur

Áður fyrr, þegar ég heyrði orðið náttúruhamfarir þá datt mér strax í hug að eitthvað hrikalegt og hættulegt væri að gerast, viðburður sem væri óviðráðanlegur. Náttúran getur á snöggan hátt tekið örlög manna í sínar hendur og breytt lífi fólks til frambúðar. Náttúran getur verið mannum óhagstæð, valdið miklu tjóni, sett líf fólks úr skorðum og kippt undan því fótunum. En hvað eru náttúruhamfarir og hvað felst í notkun orðsins? Hverjir eru það sem verða fyrir þeim? Þegar ég fór að kynna mér hugtakið náttúruhamfarir í mannfræðiritum og greinum þá rak ég mig fljótt á það að mannfræðingar hafa á undanförunum árum og áratugum dregið það í efa að nokkuð sé til sem flokkist sem náttúruhamfarir; hamfarirnar séu í raun manngerð ógn. Þetta vakti athygli mína og mér fannst áhugavert að skoða hugtakið út frá mismunandi upplifun fólks af atburðum sem hafa flokkast sem slíkir, bæði hjá samfélögum sem verða fyrir þeim og einnig þeirra sem heyra af þeim úr fjarska. Rannsóknir sýna að það eru oftast samfélög eða hópar fólks sem hvað síst mega við áföllunum sem verða fyrir mesta tjóninu, bæði á mönnum og eignum, samfélög sem jafnvel áttu áður undir högg að sækja. Eitt af því fyrsta sem við lærum um í mannfræðináminu er kenning Franz Boasar um menningarlega afstæðishyggju en hann vildi meina að skoða þyrfti menningu hvers samfélags út frá þess eigin forsendum án þess að hafa fyrirfram ákveðnar hugmyndir um það (Eriksen, 2010). Þetta á líka við þegar náttúruhamfarir eru rannsakaðar og þegar verið er að veita neyðaraðstoð í kjölfar þeirra. Fjölbreytileiki fólks, menning, gildi og hefðir eru allt hlutir sem þarf að hafa í huga þegar náttúruvá er yfirvofandi. Samfélög bregðast mismunandi við hamförum og eru misvel undir þær búin og uppbygging samfélagsins getur gefið vísbendingar um hvers vegna sum samfélög verða fyrir meiri skaða en önnur. Til að komast að því verður meðal annars að skoða varnarleysi íbúanna gagnvart náttúruhamförum af öllu tagi. Oliver-Smith (1996) benti á það fyrir ríflega þremur áratugum hversu mikilvæg aðkoma mannfræðinnar væri í hamfararannsóknum og að það þyrfti að skoða samspil manns og náttúru heildrænt á bæði fræðilegan og hagnýtan hátt. Þetta á ekki síður við í dag þegar atburðir af þessu tagi eru orðnir algengari og öfgakenndari.

Áhugi minn á atburðum sem tengjast náttúrulegum atburðum á rætur sínar að rekja til þess tíma sem ég var starfsmaður Rauða krossins og í neyðarvarnateymi hans. Þá kynntist ég því hversu skilvirkt almannavarnakerfið okkar er og hversu margir voru tilbúnar að leggja hönd á plóg því samkennd þjóðarinnar er sterk. Það var sama hvert

vandamálið var; rýmingar, björgun búfjár, öflun aðfanga, öskuhreinsun og svo framvegis, nóg var af mannafla og vilja til að aðstoða. Það að búa í samfélagi þar sem samstaða fólks er mikil og áhrif stéttaskiptingar og fordóma í lágmarki, er ekki sjálfgefið og fyrir þau forréttindi er ég þakklát. Fyrir vikið vaknaði áhugi minn á þeim samfélögum sem eru ekki eins vel búin og okkar; hvað er það í uppbyggingu þeirra sem veldur því að náttúrulegir atburðir geti sett allt úr skorðum?

Í kafla 2 fer ég yfir þau hugtök sem ég nota til að sýna fram á mismunandi stöðu hópa þegar kemur að náttúruhamförum. Þegar verið er að skoða áhrif náttúrunnar á samfélög eru hugtökin varnarleysi (e. *vulnerability*), áhætta (e. *risk*) og seigla (e. *resilience*) mikið notuð til að skilgreina stöðu þess hóps sem verið er að rannsaka.

Í 3. kafla mun ég skoða hvað er skilgreint sem náttúruhamfarir, þar sem hugmyndin yfir þetta hugtak er mismunandi eftir menningarheimum og jafnvel á milli mismunandi hópa innan samfélags. Mannfræðingar hafa undanfarna áratugi verið virkir á vettvangi hamfara og í hjálparstarfi sem tengist afleiðingum náttúrulegra atburða. Í síðari hluta kaflans fer ég yfir tengsl mannfræðinnar við náttúruhamfarir og þróun rannsókna á þeim vettvangi.

Þegar neyðin blasir við þarf að bregðast hratt við þeim aðstæðum sem skapast en það eru yfirleitt heimamenn sem veita fyrstu aðstoð á vettvangi áfalls. Það hvort og hvernig utanaðkomandi hjálp sé veitt veltur á ýmsum atriðum en niðurstöður benda til þess að sú aðstoð geti verið dreift ójafnt og sé stéttaskipt. Í 4. kafla skoða ég hvernig neyðaraðstoð er breytileg eftir því hver á í hlut.

Fólk bregst á mismunandi hátt við náttúruvá og geta viðbrögð þess verið á skjön við áætlanir ríkisins. Í 5. kafla bendi ég á atvik þar sem viðbrögð íbúa voru ekki í takti við ákvarðanir stjórnvalda.

Fjölmiðlar hafa áhrif á það hvaða hamfarir birtast okkur í gegnum fréttir og hvers konar álit fólk hefur á alvarleika þeirra. Það ber að varast að taka fréttum sem heilögum sannleika en í kafla 6 fer ég yfir dæmi um birtingarmyndir náttúruhamfara í vestrænum miðlum.

Eftir að stórvægilegir atburðir hafa átt sér stað þar sem náttúran hefur laskað samfélög og íbúar standa frammi fyrir miklum áskorunum við að byggja upp samfélag sitt að nýju, er að mörgu að huga. Allur gangur er á því hvernig uppbyggingu er háttað og hver

er í forsvari fyrir hana og þrátt fyrir mikilvægi þess að samfélögin sjálf fái að ráða för þá er það sjaldnast þannig, allra síst hjá þeim sem eru varnarlausastir. Í 7. kafla fer ég yfir það hvernig áherslur í uppbyggingu eru breytilegar og skoða dæmi sem hefðu mátt fara betur.

Hitastig jarðar er að hækka og ein afleiðingin af því er fjölgun öfgafullra veðurfyrirbæra og -atburða. Þrátt fyrir vitundarvakningu meðal almennings um allan heim þá eru ekki allir tilbúnir að samþykkja að mannkynið eigi hugsanlega sök á vandanum. Í kafla 8 skoða ég hvernig samfélög eru að bregðast við og hvernig þekking mannfræðinnar getur komið þar að notum.

2 Kenningar og hugtök

Í þessum kafla ætla ég að fjalla um þær kenningar og skilgreiningar sem tengjast umfjöllun minni um náttúruhamfarir. Náttúruhamfarir er stórt hugtak sem getur innihaldið margar birtingarmyndir og því nauðsynlegt að hafa í huga að eitthvað sem ég tel vera hamfarir getur öðrum fundist eðlileg hringrás náttúrunnar. Upplifun okkar af stórum atburðum er gjarnan menningarbundin og breytileg eftir því hvernig samfélagið hefur aðlagast náttúrunni í kringum sig. Samband mannsins við náttúruna er mikilvægur hluti af mannfræðinni en þróun mannsins helst í hendur við náttúruna í kringum hann hverju sinni.

Þegar skoða á samfélög og mannlega hegðun er nauðsynlegt að hafa menningu í huga en menning er eitt mikilvægasta hugtakið í mannfræðirannsóknum. Menningu er hægt að skilgreina á fjölbreyttan hátt en mér finnst skýring Edwards Tylor frá nítjándu öld fullnægjandi: „Menning eða siðmenning er í sínum víðasta etnógrafíska skilningi sú flókna heild sem samanstendur af þekkingu, trú, list, siðferði og venjum ásamt allri annarri færni og siðum sem maður öðlast sem meðlimur í samfélagi (Tylor, 1871; bls. 1, mín þýðing)“.

Ójöfnuður og valdamisræmi hafa lengi verið hluti af mannlegu samfélagi; fortíðin sem og nútíminn sýna okkur það daglega. Um allan heim er stöðug barátta fyrir jafnrétti, hvort sem það varðar kynþætti, kyn/kyngervi, fjárhag eða eitthvað annað; ójöfnuður með einhverjum hætti er til staðar í flestum samfélögum. Þegar hamfarir ganga yfir vill undirliggjandi ójafnrétti gjarnan koma upp á yfirborðið og jafnvel aukast þegar neyðin er hvað mest. Það getur því skipt máli hver það er sem verður fyrir neyðinni þegar aðstoð er veitt.

Franz Boas, sem er af mörgum talin einn af frumkvöðlunum í menningarlegri mannfræði, lagði fyrstur áherslu, ásamt nemendum sínum, á að í mannfræðirannsóknum þyrfti að taka tillit til menningarlegs afstæðis (e. *cultural relativism*). Hann taldi að ekki mætti rannsaka samfélög með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvað væri „rétt“ eða „rangt“, horfa þyrfti á þau með hlutlausum augum án þess að dæma viðfangsefnið út frá menningarlegum gildum rannsakandans (Barnard, 2000; Eriksen, 2010). Þetta er að mínu mati ein mikilvægasta kenningin innan mannfræðinnar og hún kemur að góðum notum þegar verið er að skoða hvers vegna samfélög verða fyrir mismiklum áhrifum frá náttúrunni og þegar leitað er leiða til að aðstoða þau. Tilgáta Sapir-Whorf kemur einnig

að gagni þegar skoða á skilning fólks á náttúruhamförum en þeir halda því fram að tungumál hafi áhrif á hugsun mannsins og skynjun hans á umhverfinu, ekki sé hægt að gera ráð fyrir að skilningur á fyrirbærum sé sá sami á milli mismunandi tungumála (Barnard, 2010).

Mikil áhersla hefur verið lögð á hugtökin varnarleysi (e. *vulnerability*) og seiglu (e. *resilience*) í hamfararannsóknnum til að sýna fram á hvernig samfélög eru undir áföll búin eða til að meta þá áhættu (e. *risk*) sem þau geta verið í. Kelman, Gaillard, Lewis og Mercer (2016) benda á hversu nauðsynlegt sé að hafa sögulegt samhengi til hliðsjónar þegar þessi hugtök eru notuð í rannsóknnum. Það beri að varast að gera náttúruhamfarir að eðlilegu ástandi þar sem það séu ávallt manngerðar ástæður fyrir því að náttúrulegir atburðir verði skaðlegir.

Foucault (1991) talar um listina að stjórna (e. *art of government*) þegar stjórnvöld hafa áhrif á hegðun einstaklinga í samfélaginu með því að sannfæra fólk um að ákveðin hegðun sé skynsamleg eða rökrétt. Dæmi um þetta eru lög og reglur sem við fylgjum í samfélaginu sem okkur þykja eðlileg enda er búið að telja okkur trú um að það sé „rétt“. Foucault kemur fyrstur fram með hugmyndina um lífvald (e. *biopower*) til að útskýra það vald sem stjórnvöld hafa yfir lífi og dauða þegnanna. Þannig hafa stjórnvöld vald yfir því hverjir það eru sem fá aðstoð þegar hamfaraástand ríkir, og geta upp að vissu marki stjórnað því hverjir fái hjálp í ástandinu og hverjir ekki.

Varnarleysi (e. *vulnerability*) í hamfararannsóknnum er skilgreint sem þeir eiginleikar og sú geta sem hópar eða samfélög hafa til að sjá fyrir, þrauka og jafna sig eftir að áföll hafa gengið yfir. Margir þættir hafa áhrif á varnarleysi hópa en aðalmælikvarðinn á það eru lífsmöguleikar og lífsgæði (Oliver-Smith, 2013; Cutter og Finch, 2008). Helstu breytur sem notaðar eru þegar varnarleysi er metið eru stéttarstaða, kyn, aldur, uppruni og heimilisaðstæður, en þetta getur breyst mjög með tíð og tíma (Cutter og Finch, 2008). Cannon (2015; 91) setur fram fimm meginatriði sem þarf að hafa í huga þegar varnarleysi hóps er skoðað; lífsviðurværi (e. *livelihood*), velferð (e. *wellbeing*), sjálfsvörn (e. *self-protection*), samfélagsvarnir (e. *social protection*) og stjórnkerfi (e. *governance*). Fyrstu þrjú atriðin snúa þannig að einstaklingnum og hvernig viðkomandi hefur hagað sínu lífi og heimilishaldi á meðan seinni tvö atriðin stýrast af uppbyggingu samfélagsins sem heild. Þau tvö atriði sem snúi að stjórnkerfinu og samfélaginu hafa mest áhrif á varnarleysi fólks

þar sem fyrri atriðin mótist hjá einstaklingnum sjálfum í samræmi við þau tvö síðari (Cannon, 2015; 104).

Hægt er að skilgreina ofbeldi á ótal mismunandi vegu; það getur verið sýnilegt eða falið, getur beinst gegn einstaklingum eða stórum hópum fólks á sama tíma. Skýring íslenskrar orðabókar frá 1997 á orðinu *ofbeldi* er einföld; ofríki eða valdbeiting (Árni Böðvarsson, 1997; 704). Það getur því átt við margskonar hegðun og gjörðir, hvort sem við tökum eftir því eður ei. Galtung (1969) kom fyrstur fram með hugmyndina um kerfisbundið ofbeldi (e. *structural violence*) í tengslum við friðarrannsóknir. Hann telur hugtökin frið og ofbeldi vera nátengd þannig að þar sem er friður þar er ofbeldi ómerkjanlegt. Það sé hins vegar mun oftari ofbeldi í gangi heldur en það sem sé sjáanlegt fyrir augum okkar. Kerfisbundið ofbeldi eins og Galtung skýrir það er innbyggt í stjórnkerfi valdhafa. Það beinist ekki sérstaklega að einum aðila heldur er hluti af kerfinu og birtist sem ójöfnuður í samfélaginu sem leiðir af sér skert lífsgæði (Galtung, 1969; 171). Dæmi um birtingarmynd kerfisbundis ofbeldis er þegar fólk sveltur þar sem hægt væri að komast hjá því, líkt og þegar efnameiri fjölskyldur henda mat á meðan fátækir aðilar í sama samfélagi eiga hvorki í sig né á. Þannig er ofbeldið þögult og hulið augum okkar. Kerfisbundið ofbeldi er leið valdhafanna til þess að viðhalda stöðu sinni og sé kerfinu ógnað munu þeir sem valdið hafa og hagnast mest af því, reyna allt til þess að halda því óbreyttu.

Ho (2007) vill meina það að kerfisbundið ofbeldi sem er innbyggt í stjórnkerfi valdhafa sé brot á mannréttindum fólks. Hún bendir á að kerfisbundið ofbeldi viðgangist frekar þar sem dreifing valds sé ójöfn og að það sé notað til að viðhalda fátækt. Kerfisbundið ofbeldi gerist ekki á einum degi og það getur tekið langan tíma að festa það í sessi innan samfélagsins en Farmer (2004) bendir á að það verði ávallt að skoða samfélagið í sögulegu samhengi til að rekja rætur ofbeldisins. Þannig geti ýmsir atburðir úr fortíðinni haft mikil áhrif á það hvernig fólk bregst við óvæntum atburðum líkt og náttúruhamförum en dæmi eru um að kynþáttahyggja og nýlenduhyggja endurspeglar í nútíðinni í gegnum hamfarir og uppbyggingu í kjölfar þeirra (Farmer, 2004). Fátækt og fordómar geta þannig aukist þegar neyðarástand ríkir í samfélagi.

3 Náttúruhamfarir og mannfræðin

Náttúruhamfarir eru ekki óvæntir atburðir heldur eðlilegur hluti af hringrás náttúrunnar og því ber að fara varlega í hvernig hamfarir eru skilgreindar (Oliver-Smith, 1996). Ef ég slæ inn *natural disaster* á leitarvélinni Google þá kemur hún með tillögu um 273 milljónir niðurstaðna og þegar ég leita að orðinu *náttúruhamfarir* þá komu yfir 67.000 tillögur. Það er því augljóst að mikið af efni og upplýsingum eru á veraldarvefnum sem tengjast hugtakinu. Það hvort að náttúrulegir atburðir séu skilgreindir sem hamfarir veltur að miklu leyti á því hvar þeir eiga sér stað og hvaða afleiðingar þeir hafa; stór jarðskjálfi í auðn hefur takmörkuð áhrif á fólk á meðan sami skjálfti gæti valdið stórvægilegum hamförum í stórborg (Smith, 2006). Náttúruhamfarir eru skilgreindar á mismunandi hátt eftir menningu og er upplifun samfélaga í samræmi við það, því geta sömu náttúrulegu atburðirnir haft margar birtingarmyndir eftir því hvernig á þá er horft og hver verður fyrir þeim. Það þarf því að skilja menningu samfélags til að skilja hvernig viðkomandi hópur bregst við hættu, hvernig skal meta veikleika hans, hvernig hann upplifir áfallið og hvernig uppbyggingu hópsins er háttað (Oliver-Smith, 2015).

Það kemur fyrir að valdamisræmi og fátækt neyði fólk til að búa við hættulegar aðstæður svo sem við eldfjöll, á jarðskjálftasvæðum og við árbakka og strendur þar sem hætta er á fellibyljum og flóðbylgjum. Ástæða þess að fólk lifir við þessar aðstæður getur verið sú að þetta er eina leið þeirra til eiga lífsviðurværi og sækja sér björg í bú, en margt annað getur skýrt það, til dæmis menning og hefðir (Bankoff, Cannon, Krüger og Schipper, 2015). Fólk er því misvel varið gegn náttúrulegum atburðum og vegna stöðugar fólksfjölgunar eru sífellt fleiri sem þurfa að búa við aukna áhættu.

Tenging mín við hugtakið náttúruhamfarir er sterk, ég er Íslendingur og ég hef upplifað fárviðri, flóð, eldgos og jarðskjálfta. Það er ekki þar með sagt að ég hafi upplifað lífsbreytandi hamfarir, ég þekki það ekki að standa uppi snauð, hungruð og án bjargar. Mín reynsla af náttúrunni er því allt önnur en þeirra sem upplifðu til dæmis jarðskjálftann á Haíti árið 2010 eða flóðbylgjuna á Indlandshafi 2004, ég hef aldrei verið í viðlíka hættu og margir jarðarbúar. Jörðin undir Íslandi er lifandi og okkur er kennt frá blautu barnsbeini að náttúruvá er alltaf yfirvofandi. Samfélag okkar hefur þá kosti fram yfir mörg önnur að vera fámennt og tiltölulega jafnréttismiðað, auk þess sem við höfum reynslu af ýmsum hliðum náttúrunnar. Okkar möguleikar til að lifa af eru miklir og seiglan er sterk. Það að

setja náttúrulega atburði á Íslandi í sama flokk og mannskæða og óafturkræfa atburði fjarri okkur á ekki við – hamfarir eru þegar samfélög hafa ekki burði til að búa sig undir né bregðast við áföllum.

Skilningur á orðinu náttúruhamfarir er menningarbundinn og tengist almennt upplifun þess samfélags á náttúrulegum fyrirbærum, bæði úr fortíð og samtíð. Dæmi um þetta er að orðræða um náttúruhamfarir í Bandaríkjunum á það til að fara inn á þá braut að náttúran geri árás (e. *attack*) og henni fylgi ofsi, líkt og um hernaðarárás væri að ræða (Pidot, 2013; 213). Slíkt orðalag býður upp á þann möguleika að gera náttúruna ábyrga fyrir tjóninu sem verður og dregur í leiðinni athyglina frá mögulegum veikleikum í stjórnkerfinu. Þannig er náttúran gerð að „óvininum“ og henni líkt við hryðjuverk þar sem afleiðingarnar eru bornar saman við árásir líka þeirri sem gerð var á tvíburaturnana í New York (Pidot, 2013). Í skýrslunni *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* frá árinu 2008 er sögnin að *glíma* notuð ítrekað þegar talað er um hvernig Íslendingar beri sig að þegar áföll eða náttúruhamfarir eiga sér stað (Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir, 2008). Þarna mætti ætla að verið sé að höfða til þjóðerniskenndar þar sem glíman er af mörgum talin þjóðaríþrótt landans. Þannig má sjá hvernig menningarbundinn skilningur okkar á fyrirbærinu er frábrugðinn þeim sem Bandaríkjamenn hafa og hvernig tilgáta Sapir-Whorf um áhrif tungumálsins á skynjun getur átt við um náttúruhamfarir.

Hluti þeirra atburða sem hefur verið flokkaður sem náttúruhamfarir á rætur sínar að rekja til gjörða mannanna. Soron (2007) bendir á að áhrifin sem maðurinn hefur haft á náttúruna geti aukið eyðileggingu af völdum hennar, svo sem skógareyðing, virkjun fljóta, þurrkun votlendis og svo framvegis. Við þetta skapast keðjuverkun sem leiðir af sér frekari náttúruvá. Mannanna verk valda þannig meiri áhættu fyrir viðkvæm samfélög sem eiga hamfaraástand yfir höfði sér. Áhrif mannsins á loftslagsbreytingar er ótvíræð og því ber að varast að gera náttúruna eina ábyrga fyrir auknum veðuröfgum. Fræðimaðurinn Alexander lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þróunar á aukinni tíðni hamfara í athugun sinni frá 1997 þar sem hann segir afleiðingar þeirra munu mest bitna á þróunarríkjunum þar sem fólksfjöldun er mikil og ofnýting auðlinda algeng. Hann bendir réttilega á það að flóð og fellibyljir munu aukast vegna loftslagsbreytinga. Þrátt fyrir að vísindamenn hafi vitað í hvaða átt loftslagsmál stefndu fyrir áratugum síðan þá er enn í dag verið að berjast fyrir

viðurkenningu á áhrifum mannsins á hnattræna hlýnun. Umræðan um málefnið er stöðugt virk í upplýstum samfélögum líkt og okkar og reynt er að höfða til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana í þeim tilgangi að fá fólk til að ganga betur um jörðina okkar.

Oliver-Smith, Alcántara-Ayala, Burton og Lavell (2017; 470) hvetja til breytingar á orðanotkun; frekar ætti að tala um náttúrulega atburði en náttúruhamfarir þar sem náttúruhamfarir séu manngerð hugmynd og þannig afstæð. Leggja verði meiri áherslu á að rannsaka frumorsakavalda þegar samfélög verði fyrir áfalli í kjölfar náttúrulegra atburða, en áhættuvaldarnir eru yfirleitt inngrónir í ríkjandi stjórnkerfi. Þau skipta frumorsökunum í tvö stig þar sem fyrra stigið inniheldur þráláta fátækt og ójöfnuð, misskiptingu valds, ólögsmæta eignatöku á auðlindum o.s.frv., en á hinu stiginu sé skortur á lögum og reglugerðum til að sporna við atriðunum á fyrra stigi. Með því að gera þessi atriði að aðalatriðunum í rannsóknum á náttúruhamförum er hægt að ráðast að rótum þess tjóns sem verður í atburðum sem annars eru náttúrulegir (Oliver-Smith og fl., 2017).

Árið 2011 voru sem dæmi 99 atburðir tengdir náttúrunni skilgreindir af stjórnvöldum í Bandaríkjunum sem *natural disasters*, þ.á.m. eldar, flóð, stormar, fellibyljir og jarðskjálftar (Pidot, 2013; 214). Atburðirnir höfðu á einhvern hátt áhrif á samfélög en til þess að hljóta skilgreininguna „hamfarir“ þá þurfa þeir að hafa neikvæðar afleiðingar fyrir fólk, mismiklar þó eftir aðstæðum (Pidot, 2013). Það verður hins vegar að hafa það í huga að þegar yfirvöld í Bandaríkjunum skilgreina atburð sem náttúruhamfarir þá getur það haft mikil áhrif á íbúana sem verða fyrir þeim, m.a. getur það orðið til þess að alríkið hafi meiri völd yfir ákvörðunum fólks, geti skipað því að yfirgefa heimili sín og líf án nokkurs fyrirvara, sett á útgöngubann o.s.frv. Á móti kemur að þegar búið er að stimpla atburð sem náttúruhamfarir þá verður ábyrgð ríkisins á borgurunum meiri sem hefur í för með sér aukinn kostnað og mannafla sem ríkið þarf að útvega og þar af leiðandi er ekki öruggt að allir atburðir náttúrunnar sem valda tjóni séu skilgreindir sem hamfarir. Á Íslandi voru á árunum 1900-2008 skilgreindar 68 náttúruhamfarir en til þeirra teljast eldgos, eldgos með jökulhlaupi, jökulhlaup án sjáanlegs eldgoss, flóð, hafís, jarðskjálftar, sjávarflóð, skriðuföll, snjóflóð og stórrigningar. Alls létust 80 manns á tímabilinu af völdum þessara atburða, langflestir í snjóflóðum, en taka skal fram að sjóslys og illviðri eru ekki talin til náttúruhamfara í þessari samantekt (Ágúst Gunnar Gylfason, 2008; 123). Miðað við þann

mun sem er á skilgreindum náttúruhamförum á milli Íslands og Bandaríkjanna, mætti ætla að skilningur á hugtakinu sé frábrugðinn.

Þegar atburðir eru flokkaðir sem hamfarir er það oftast vegna þess að einhver hluti samfélagsins er ekki viðbúinn ágangi náttúrunnar og hugtakið hamfarir er ekki byggt á stærð atburðar heldur afleiðingum hans á samfélög. Árið 1970 höfðu nánast engar rannsóknir verið gerðar á hamförum og afleiðingum þeirra utan hins vestræna heims að undantöldum örfáum mannfræðigreinum sem fjalla um fellibylji og eldgos á Kyrrahafseyjum (Oliver-Smith, 2013; 276). Fyrir þann tíma leit fólk gjarnan á náttúruhamfarir sem óheppni, reiði guðanna eða óhjákvæmilegan verknað náttúrunnar og lítil áhersla lögð á það hvort hægt væri að gera betur í því að verjast náttúruvá eða byggja upp seiglu samfélaga gegn áhrifum hennar (Oliver-Smith, 2013). Þrátt fyrir að mannfræðingar hafi nú skoðað náttúruhamfarir í yfir fjóra áratugi hafa niðurstöður þeirra haft takmörkuð áhrif á forvarnir og viðbrögð opinberra stofnana og erfitt hefur verið að innleiða niðurstöðurnar í þverfaglegar hamfararannsóknir (Bankott og fl., 2015).

Oliver-Smith bendir á það árið 1996 að þá loksins sé áherslan í hamfararannsóknnum að færast frá neyðaraðstoð í vestrænu samhengi yfir í það hvernig mismunandi samfélög bregðast við hættum. Rúmum tveimur áratugum síðar er Oliver-Smith enn að rannsaka áhrif náttúruhamfara á samfélög og þó að einhver þróun hafi orðið í þessum rannsóknnum þá er enn langt í land með að fullt tillit sé tekið til fjölbreytileika fórnarlamba að hans mati. Oliver-Smith (2015) segir að mannfræðingar hafi verið meðal þeirra fyrstu til að benda á félagslega mismunun og brot á mannréttindum sem eiga sér stað meðal hópa sem hafa verið rifnir upp með rötum. Það voru upphaflega mannfræðingar og landfræðingar á áttunda og níunda áratug 20. aldar sem fóru að velta því fyrir sér hvers vegna samfélög á suðurhveli jarðar urðu verr úti vegna náttúruatburða en þau sem norðar voru. Þeir fóru þá að skoða það hvort varnarleysi íbúanna þar væri meira gagnvart áföllum en hjá auðugari þjóðum (Oliver-Smith, 2015; 43).

4 Dreifing neyðaraðstoðar

Nánast daglega berast fregnir af einhverskonar náttúruhamförum í gegnum fréttamiðla og samfélagsmiðla á veraldarvefnum. Við sjáum fallin hús, brennandi elda, vatnselg þar sem hann á ekki heima og síðast en ekki síst fórnarlömb í sárum sínum. Umræður fara af stað – „greið fólk“ „ætla enginn að bjarga þeim?“ og svo framvegis. Við fáum sting í hjartað en stingurinn er fljótur að fara um leið og fréttirnar eru búnar eða við „skrollum“ að einhverju skemmtilegra á internetinu. Við áætluðum gjarnan sem svo að einhverjir aðrir hljóti að koma til aðstoðar, gefum kannski nokkra þúsundkalla í söfnun sem ætluð er fórnarlömbunum og svo ekki söguna meir. Þá skiptir líka máli hversu mikil umfjöllunin er í fjölmiðlum um hamfarirnar en við getum verið fljót að gleyma ef við erum ekki minnt á hvað gerist, reglulega.

Hamförum af völdum náttúrulegra atburða hefur farið fjölgandi undanfarin ár, þrátt fyrir að hæfni manna og tækni til að spá fyrir um þá hafi aukist til muna, og hefur ástandinu jafnvel verið líkt við faraldur. Algennt er að náttúruhamfarir séu meðal almennings taldar vera öfgafull veðurfyrirbæri sem teljist til undantekninga, atburðir sem mannkynið ræður ekki við – en svo er ekki alltaf tilfellið. Oftast er hægt að rekja vandann til fyrirbyggjandi ástæða í innviðum samfélaga. Þeir sem beina sjónum að mögulegum félags- og menningarlegum rötum hamfaraástands eiga oftast en ekki erfitt með að vekja athygli á sínum tilgátum og kenningum og jafnvel hefur verið gengið svo langt að þær séu þaggaðar niður. Það getur verið óþægilegt fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila þegar sviðsljósið er dregið frá náttúrunni sjálfri og beint að þáttum innan skipulags samfélagsins (Oliver-Smith og fl., 2017). Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á það hvaða upplýsingar berast almenningi og hversu mikil áhersla er lögð á vægi stjórnkerfisins og viðbrögð stjórnmalamanna þegar náttúruhamfarir skella á. Oliver-Smith og fleiri (2017) benda einnig á að stjórnvöld fái almennt meira lof fyrir viðbrögð eftir að hamfarastand skapast heldur en ef þau standa sig vel í áhættuminnkun og forvörnum. Þannig reyni stjórnvöld að fegra eigin ímynd í fjölmiðlum í stað þess að horfast í augu við mögulega misbresti innan samfélagsins, athyglinni er viljandi beitt annað og áhorfandinn fær takmarkaðar upplýsingar um raunverulegt ástand. Það er því mikilvægt að skoða allar hliðar samfélagsins þegar veita á neyðaraðstoð, ekki er hægt að treysta eingöngu á upplýsingar af vettvanginum í gegnum fréttamiðla þar sem þær sýna yfirleitt þá hlið ástandsins sem er áhorfandavæn.

Margt þarf að hafa í huga þegar áföll hafa dunið yfir samfélög og veita þarf þeim aðstoð en fyrst og fremst þarf að nálgast fórnarlömbin af virðingu. Viðbrögð fólks við neyð er mismunandi, hvort sem er á milli samfélaga eða innan þeirra. Nauðsynlegt er að taka tillit til forgangsröðunar samfélaga sem hafa orðið fyrir áfalli og nálgast þau þannig að virðing sé borin fyrir trú þeirra, gildum og skynjun. Ef fólkið sjálft fær að taka þátt í skipulagningu neyðaraðstoðar og hvernig henni er háttað þá er líklegra að aðstoðin beri áætlaðan árangur (Bankoff og fl., 2015). Þau samfélög sem taka hvað síst þátt í hraðri þróun iðn- og tækniheimsins eru gjarnan þau sem verða fyrir verstu afleiðingunum af völdum loftslagsbreytinga. Fyrir vikið eru þau því oft illa undir hamfarir búin og þurfa á mikilli neyðaraðstoð að halda en hún er ekki endilega til staðar í innviðum viðkomandi ríkis. Algengt er að ríki þurfi að leita aðstoðar alþjóðasamfélagsins þegar hamfaraástand skapast, þar sem björgunaraðgerðir reynast þeim ofviða.

Það fer eftir aðstæðum í hverju landi fyrir sig hverjir eru fyrstir að bregðast við þegar hamfarir eiga sér stað, en hér á landi eru það til dæmis Almannavarnir ríkisins sem bera ábyrgð á skipulagningu neyðaraðstoðar innanlands þegar náttúruvá vofir yfir. Á Íslandi gilda lög um almannavarnir þegar hættuástand skapast og er það á ábyrgð ríkislögreglustjóra að lýsa yfir hættustigi ef svo ber undir. Það er einnig á ábyrgð ríkislögreglustjóra að skipuleggja forvarnir og almenningsfræðslu, ásamt því að annast þjálfun á sviði almannavarna (lög um almannavarnir nr. 82/2008). Hvað varðar önnur lönd eru fyrstu aðilar á vettvangi í kjölfar allskyns hamfara þó gjarnan her viðkomandi þjóðar, sé hann á annað borð til staðar, en neyðaraðstoð flokkast oft undir hernaðarsvið ríkja. Almannavarnir ríkja voru upphaflega settar á fót í kjölfar heimstyrjaldanna og var þá aðaláhbyggjuefni þeirra kjarnorkustyrjöld. Þessar stofnanir voru því og eru enn aðallega mannaðar fyrrum hermönnum og mönnum nátengdum varnarkerfum ríkjanna (Hewitt, 2015; 26). Þetta getur skapað viss vandamál enda ber fólk mismikið traust til hermanna og getur fólki staðið ógn af þeim sem ekki er heppilegt. Þá kemur fyrir að fjármagn sem ætlað er í neyðaraðstoð renni til viðhalds á hernum enda dýrt að halda uppi mannafla, búnaði, þjálfun og svo framvegis. Sem dæmi má nefna að í kjölfar jarðskjálftans mikla á Haítí þá fór allt að þriðjungur fjármagns til hernaðarmála á meðan einungis 2,5 % enduðu í höndum fórnarlambanna sjálfra (Hewitt, 2015; 28).

Neyðariðnaður (e. *emergency industry*) hefur verið markaðsvæddur á undanförunum árum og því vissir einkaaðilar sem græða á hörmungum annarra. Skýrslur vegna hamfaranna í New Orleans og Haítí sýna að þegar neyðaraðstoð er skipulögð bak við luktar dyr hersins þá eru meiri líkur á að hún verði óáreiðanleg og að einhverjir háttsettir aðilar sjái sér hagnaðarvon (Hewitt, 2015; 29). Við slíkar aðstæður er hætt við að jaðarhópar í samfélaginu fái ekki viðeigandi aðstoð þar sem þeir hafa ekki félagsleg tengsl við skipuleggjendur hennar. Þá bendir Hewitt (2015) einnig á mismunandi nálgun eftir því hver skipuleggur neyðaraðstoðina, öryggisfyrirtæki leggja þannig meiri áherslu á reglur, kerfisbundna nálgun, stjórnun og þvingun aðgerða, á meðan samfélagsleg neyðaraðstoð byggist fremur á mannúðlegri nálgun þar sem fólkið er í fyrirrúmi og lögð er meiri áhersla á samvinnu. Mannfræðin nýtist sem hluti af samfélagslegri aðstoð þar sem þekking og nálgun fræðanna miðar að því að aðstoða fórnarlömbin út frá þeirra eigin forsendum.

Þegar að neyðaraðstoð er veitt á hún það til að dreifast ójafnt meðal hópa innan samfélaga og dreifingin endurspeglar gjarnan þá stöðu sem viðkomandi er í áður en hamfarirnar ríða yfir. Bandaríkin hafa fengið sinn skerf af náttúrulegum atburðum sem hafa haft áhrif á mannlífið, enda er landið stórt og nokkuð þéttbýlt á köflum. Rivera og Miller (2007) færa rök fyrir því að aðgerðir stjórnvalda í kjölfar hamfara hafi haft slæm áhrif á samfélög þeldökkra í Bandaríkjunum. Þeir benda á þrjú mismundi tilfelli; flóðin miklu í Mississippi 1927, Vanport flóðið 1948 og fellibylinn Katrina árið 2005. Í öllum þessum tilfellum greina þeir svokölluð fórnarsvæði (e. *zones of sacrifice*) þar sem ákvarðanir yfirvalda umturna festu í lífi fólks á vissum svæðum sem á jafnvel ekki möguleika á að geta nokkurn tímann snúið aftur heim. Soron (2007) telur það að jaðarhópar, svo sem þeldökkir, hafi í undanfara Katrinu verið skildir eftir, án möguleika á að komast í burtu. Þeir sem ekki höfðu aðgang að farartæki og áttu að bjarga sér sjálfir voru í einhverjum tilfellum skotnir til bana þegar þeir reyndu að stela sér flóttatæki. Soron ber þetta tilfelli saman við fellibyl sem skall á Kúbu árið áður þar sem þarlend yfirvöld skipulögðu stórtæka rýmingu og tryggðu öryggi íbúa sinna án nokkurs mannsfalls (Soron, 2007; 7). Þegar augu heimsins beindust að íbúum New Orleans er Katrina gekk þar á land á ágúst 2005, mátti sjá þúsundir manna sem voru strandaglópar í miðjum bylnum þrátt fyrir rýmingaráætlanir yfirvalda en flestir þeirra voru fátækir þeldökkir íbúar borgarinnar (Smith, 2006). Í þessu samhengi má sjá hvernig kerfisbundið ofbeldi er samtvinnað

neyðar- og viðbragðskerfi Bandaríkjanna og hvernig dreifing aðstoðar er ójöfn eftir stöðu fólks í samfélaginu.

Staða stjórn mála getur haft áhrif á hvernig viðbrögð stjórnvalda í viðkomandi landi eru þegar neyðarástand skapast; óstöðugleiki í stjórnkerfinu leiðir af sér óstöðugleika í neyðarvörnum landsins. Þegar stór jarðskjálfti reið yfir Chile árið 2010 voru aðeins nokkrir dagar í forsetaskipti í landinu. Þá skapaðist togstreita milli fráfarandi og tilvonandi forseta um hvernig skyldi bregðast við neyðarástandinu í landinu og neyð þjóðarinnar var því fljótt orðin að valdabaráttu. Á fyrstu klukkutímunum eftir skjálftann lýstu stjórnvöld því yfir að þau réðu við ástandið sem þjóð án aðstoðar alþjóðasamfélagsins þar sem samfélagið væri undir jarðskjálfta búið. Þrátt fyrir þær yfirlýsingar gátu þeir þó ekki spáð fyrir um flóðbylgju sem fylgdi í kjölfarið og jók enn á eyðilegginguna. Þegar þeim varð ljóst að ástandið væri óviðráðanlegt lýstu þau yfir hamfarastigi þar sem hluti sjálfræðis var tekinn af fólkinu og hernaðarstigi komið á með útgöngubanni og frekari höftum. Rannsakendur telja að Bachelet, fráfarandi forseti, hafi látið undan þrýsingi frá þeim tilvonandi, Piñera, með ákvarðanir er snertu íbúa landsins. Á þennan hátt voru saklaus fórnarlömb neyðarástands svipt mögulegri utanaðkomandi aðstoð og sett undir herlög vegna valdabreytinga. Mörg samfélaganna sem urðu fyrir áfalli og voru varnarlaus fyrir atburðinn voru þá jafnvel í verri stöðu vegna ákvarðana ríkisins (Gould, Garcia og Remes, 2016).

5 Viðbrögð samfélagsins

Á undanförunum árum hafa mannfræðingar bent á mikilvægi þess að hafa menningu og siði samfélaga, sem verða fyrir hamförum vegna náttúrunnar, í huga þegar verið er að veita neyðaraðstoð (Cannon, 2015). Þá bendir Cannon einnig á það að þau samfélög sem eru í hvað mestri hættu vegna áhrifa náttúruhamfara séu varnarlaus (e. *vulnerable*) vegna félagslegra þátta í innviðum þess. Sú fullyrðing að varnalaus samfélög séu þau sem verða fyrir hvað mestu tjóni, bæði á mönnum og eignum, hefur verið viðurkennd í þverfaglegum rannsóknum á náttúruhamförum.

Fólk upplifir náttúruna mismunandi eftir menningu og metur hættuna af henni í samræmi við það. Þegar samfélög ganga í gegnum svipaða náttúruatburði ítrekað þá verða bjargráðin inngróin í menningu þeirra og það verður auðveldara fyrir þau að takast á við afleiðingarnar. Dalisay og De Guzman (2016) skoðuðu viðbrögð heimamanna á Fillipseyjum við hitabeltisstormi sem gekk þar yfir árið 2013 en sökum þess hversu algengir þeir eru á þessum slóðum þá leitast fólk frekar við að meta eigin áhættu og bregðast við á eigin forsendum fremur en að fylgja fyrirmælum stjórnvalda. Þannig sé það mikilvægt að taka félagslegt minni samfélaga með í myndina þegar verið er að veita neyðaraðstoð þar sem viðbrögð heimamanna geti verið á allt annan hátt en tíðkast við sambærilega atburði annars staðar. Í tilfellinu á Fillipseyjum var fólk ekki alltaf tilbúið til þess að yfirgefa jarðneskar eigur sínar til að fara í neyðarskýli, né treysti það því fyrirkomulagi sem var við lýði í skýlunum, þar sem var mikil óreiða og jafnvel ofbeldi, og taldi sig því öruggari heimavið þrátt fyrir rýmingaráætlanir. Margar ástæður geta búið að baki því að fólk neitar að fylgja fyrirmælum yfirvalda og ber að hlusta á raddir þeirra því að þegar allt kemur til alls er þetta líf þeirra en ekki ríkisins. Sjálf þekki ég dæmi þess að bændur hér á Íslandi hafa neitað að yfirgefa bústofn sinn þegar rýmingaráætlun Almannavarna ríkisins var virkjuð vegna yfirvofandi eldgoss. Samtal mitt við einn þeirra leiddi í ljós að fyrir honum snerist lífið um dýrin og án þeirra vildi hann hvort eð er ekki lifa. Ég gat ekki rökrætt þetta við hann, þó að það væri verkefni mitt að sannfæra hann um að yfirgefa svæðið, en bóndinn fékk þó ekki að vera áfram á býli sínu þar sem lögreglan fjarlægði hann að lokum gegn vilja hans. Meira að segja hér á okkar friðsæla landi er valdið tekið af þegnunum þegar almannavarnarástand skapast, lífvaldið (e. *biopower*) er í höndum ríkisins og endanleg ákvörðun um hvort og hvert á að fara í neyð er í þessu ástandi ekki okkar almennings að taka.

Meðal þess sem hafa verður í huga er hvernig koma skal upplýsingum til þeirra sem eru í yfirvofandi hættu þar sem fólk er mismóttækilegt. Þrátt fyrir að stór hluti mannkyns sé orðinn tæknivæddur og fljótur að taka á móti upplýsingum sem til þeirra er beint þá er ávallt hópur sem hvorki hefur aðgang að slíkri tækni né hæfnina til að nýta sér hana. Rannsókn gerð í Ástralíu sýnir hvernig upplýsingaflæðið getur verið ómarkvisst hjá sumum hópum samfélagsins, þá sérstaklega hjá öldruðum, fötluðum, fátækum, fjölskyldum með ung börn og fólk af erlendum uppruna með annað tungumál og menningu (Howard, Agllias, Bevis og Blakemore, 2017). Eldra fólk nálgast sem dæmi upplýsingar á annan hátt en yngri kynslóðin og traust þeirra til miðla er annars eðlis. Eldri borgurum í rannsókn Howards og fl. (2017) sýndu upplýsingum sem komu beint frá stjórnvöldum mesta traustið en þó skipti það þau máli hvernig þeim var miðlað til þeirra. Þau minntust á það að þau myndu trúa dreifibréfi frá yfirvöldum og upplýsingum í gegnum sjónvarp og útvarp en þó var heldur meira traust borið til útvarpsins. Flestir af eldri þátttakendum viðurkenndu að þó þau ættu mörg farsíma þá væri oft slökkt á honum og kunnátta til að taka við smáskilaboðum var takmörkuð. Fólk með tungumálaörðugleika átti erfitt með að meðtaka skilaboð á ensku og sumir með fatlanir áttu erfitt með lestur vegna þroskaskerðingar og/eða sjónskerðingar. Allir þátttakendur í þessari rannsókn töldu þó öruggt að skilaboð um yfirvofandi hættu myndu berast þeim þrátt fyrir að vita ekki hvernig. Einhverjir eldri borgarar héldu jafnvel að það yrði gegnið í hús til að láta þau vita. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna fram á það að taka verði tillit til framsetningar og mismunandi leiða þegar koma á áriðandi upplýsingum til almennings því ekki eru allir nettengdir, með farsíma, né hafa kunnátta til að nálgast þær þegar á reynir. Hér má hafa það í huga að almannavarnakerfi Íslands er að miklu leyti byggt á skilaboðum í gegnum fjölmiðla, samskiptaforrit og í formi textaskilaboða og því ekki öruggt að þau berist öllum.

6 Áhrif fjölmiðla

Eins og áður hefur komið fram sjáum við nánast daglega fréttir af atburðum tengdum náttúrunni og áhrifum hennar á mannlegt líf. Rannsóknir sýna að tíðni hamfara af öllum stærðargráðum fer vaxandi, tjón af völdum þeirra eykst og óafturkræfar afleiðingar á mannkynið eru ótvíræðar. Fjölmiðlar eru gjarnir á að sýna eyðileggingarmátt náttúrunnar og hvernig stjórnvöldum tekst að eiga við afleiðingarnar. Sjaldgæfara er að fjallað sé um félagslegar, menningarlegar og stjórnmálalegar rætur hamfaranna því það þykir ekki nógu gott „fréttaefni“ (Oliver-Smith og fl., 2017). Það er ójafnvægi í miðlun fréttar þar sem lítið er fjallað um hamfarir sem eiga sér stað meðal fátækari ríkja og sú umfjöllun getur í sumum tilfellum aukið bilið milli menningarheima þar sem lítið er gert úr neyð annarra. Þá geti það jafnvel verið skaðlegt að ýta undir þá ímynd að fólk úr samfélögum þróunarríkja sé minna virði en Vesturlanda, sérstaklega í ljósi þess að stjórnvöld séu almennt að reyna að útrýma fordómum og umburðarleysi gagnvart fólki af öðrum uppruna (Solman og Henderson, 2018).

Fjölmiðlar eiga það til að sýna þá hlið hamfaranna sem snúa að ofsa náttúrunnar eða skyssum mannanna í baráttu við hana; það þykir dramatískara heldur en fréttir af fólkinu sem er að vinna saman að því að bjarga samfélaginu sínu og áhyggjur þess af framtíðinni (Hewitt, 2015). Þá hafa fjölmiðlar áhrif á það hvernig umheimurinn túlkar alvarleika hamfara og hvers konar upplýsingar eru aðgengilegar almenningi um atburðina. Fréttafólki á Vesturlöndum er samt að einbeita sér að atburðum sem eru lesendum nær og sleppa því að flytja fréttir af alvarlegum atburðum sem eiga sér stað í þróunarlöndunum, fjarri okkur. Þrátt fyrir aukna notkun samfélagsmiðla fá flestir enn helstu fréttir í gegnum fréttastofur, bæði ríkisreknar og í einkaeigu. Solman og Henderson (2018) báru saman umfjöllun breskra fjölmiðla á flóðum sem áttu sér stað á svipuðum tíma á árinu 2015, annars vegar í Bretlandi og hins vegar á Indlandi. Niðurstöður þeirra benda til þess að stærð hamfaranna ásamt tjóni af völdum þeirra sé ekki það sem skipti meginmáli þegar kemur að því að velja hvað er frétt næmt, heldur sé það samsömun lesandans við fórnarlömbin og menningarleg líkindi sem skipta meira máli. Þá eigi fréttaflokkur af hamförum það til að vera stórlega ýktur til að skapa áhrifameiri frásagnir, jafnvel af hlutum sem eru ómerkilegir og óviðkomandi í stóra samhengi viðburðarins. Bretar sem höfðu orðið fyrir óþægindum af flóðum voru kynntir persónulega og reynt að vekja samúð með þólföngum, á meðan fórnarlömb flóðanna á

Indlandi var fremur lýst sem fjarlægum nafnlausum hópum sem hefðu allt eins mátt gera ráð fyrir því að verða fyrir mannskaða og eignatjóni (Solman og Henderson, 2018). Það virðist því skipta máli hver það er sem verður fyrir áfalli eða hamförum þegar kemur að því að velja hvað er frétt næmt því það þykir ekki eins „spennandi“ að fylgjast með ástandinu hjá „hinum“.

Þrátt fyrir aukin tengsl milli fólks um allan heim og endalaust flæði upplýsinga í gegnum internetið þá eru alltaf einhverjir atburðir sem fara fram hjá mörgum. Þá er það þekkt að nafntogað fólk nýti sýnileika sinn til að vekja athygli á vissum atburðum og þannig draga sviðsljósið að þeim. Alexander (2015) gagnrýnir harðlega þá mynd sem er dregin upp af vesæld fórnarlamba í náttúruhamförum sem svo er nýtt til að auka frægð og frama þeirra einstaklinga sem standa fyrir neyðarsöfnunum. Hann kallar þetta Geldof/Bono áhrifin og bendir á það að innrás neyðaraðstoðar frá vesturlöndum á 9. áratug síðustu aldar til landa líkt og Eþíópíu hafi þegar allt kom til alls haft meira ógagn en hitt. Ekki hafi verið litið til langtímaáætlana til að styðja við fórnarlömbin heldur sett af stað snöggafgreidd neyðarhjálp og svo ekki söguna meir. Dramatisering í fréttáflutningi og fórnarlambavæðing hafa valdið því að fjölmiðlar geta stjórnað stórum hluta góðgerðafjármagns með því einu að kveikja á vissri umfjöllun og slökkva um leið á annarri; góðvild fólks hættir ekki en hvert það gefur fer eftir því hver umræðan er hverju sinni (Alexander, 2015; 189).

Það er mörgum Íslendingum minnstæð sú umfjöllun sem eldgosíð í Eyjafjallajökli fékk árið 2010. Þá mátti sjá beinar útsendingar af Suðurlandi og frá flugvöllum um allan heim í gegnum erlendar fréttastöðvar. Ætla mátti að um gríðarlegar hörmungar væri að ræða miðað við athyglina sem gosíð fékk en ekkert manntjón varð og viðbragðsaðilar á Íslandi brugðust vel við á skömmum tíma. Askar frá gosinu olli truflunum á flugferðum á stóru svæði og olli þannig óþægindum hjá ferðalöngum og aðalfréttaefnið varð því fólk sem kepptist við að bölvu Íslandi. Slíkur fréttáflutningur er að mínu mati einvörðungu til þess ætlaður að rugla áhorfandann og gera lítið úr lífi fólks sem á við stærri vandamál að stríða vegna náttúruhamfara.

7 Uppbygging eftir hamfarir

Eftir náttúruhamfarir eru það sveitarfélögin í landinu sem þolendur leita til vegna þjónustu og ráðgjafar vegna áfallsins og eins leiða þau endurreisnarstarfið í samfélaginu. Hlutverk ríkisvaldsins er fyrst og fremst að styðja við bakið á sveitarfélögunum og veita stuðning og fjármagn til að hægt sé að sinna þjónustu við borgara eftir náttúruhamfarir og önnur samfélagsleg áföll. (Sólveig Þorvaldsdóttir og fl., 2008, bls. 103)

Margir aðilar koma að uppbyggingu samfélaga, fyrir utan íbúana sjálfa, eftir að hamfarir hafa riðið þar yfir og má þar helst nefna ríkisvaldið og alþjóðastofnanir, eins og áður hefur komið fram. Þá benda rannsóknir til þess að fordómar og ójöfnuður sem voru til staðar fyrir áfallið, eflist í kjölfar hamfara þar sem rödd þeirra valdalitlu sé þöggud (Hsu, Howitt og Miller, 2015). Margir velja til að mynda að búa á hættusvæðum s.s. í fjallshlíðum, við ströndina og á þekktum jarðskjálfasvæðum, en fólk velur það af mörgum ástæðum, t.d. vegna lífsviðurværis eða tengingu við staðinn og oft búa þar þeir fátækustu sem eru hvað varnarlausastir (Cannon, 2015; 99). Það að nálgast hópa sem eru viðkvæmir fyrir krefst virðingar og tillitsemi en ekki er víst að þeir treysti utanaðkomandi aðilum. Umgjörðin í kringum uppbyggingu eftir hamfarir verður að byggja á þörfum íbúanna fyrst og fremst, það er þeirra líf og menning sem er að veði.

Í leiðbeinandi samantekt með titlinum *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (Sólveig Þorvaldsdóttir og fl., 2008) er ítrekað bent á mikilvægi þess að samfélagið sjálft hafi umsjón með endurreisn þess eftir hamfarir og þá fyrst og fremst sveitarfélagið sem í hlut á og íbúar þess. Fram að útgáfu skýrslunnar höfðu ekki verið til leiðbeiningar fyrir uppbyggingu samfélags eftir náttúruhamfarir, þrátt fyrir algengi stórvægilegra náttúruatburða hérlendis. Þegar elgos hófst í Heimaey árið 1973 brugðust íbúarnir skjótt við og rýming eyjarinnar gekk hratt og stóráfallalaust fyrir sig. Þar beið samfélagið ekki boðanna frá yfirvöldum heldur réðst í það að bjarga mönnum og verðmætum – sjálfu sér. Samvinna fólksins skipti þar sköpum fyrir hversu vel gekk.

Uppbygging í kjölfar hamfara er oftast en ekki í höndum ríkis viðkomandi lands og því liggur ábyrgðin hjá þeim að gera það á sem skilvirkastan hátt. En ríkin og stjórnkerfin eru misvel undir áföll búin og því geta afleiðingar atburða náttúrunnar bitnað mismikið á samfélaginu. Pidot (2013) bendir á að þar sem stjórnkerfi sé á mörgum stigum, líkt og í

Bandaríkjunum, geti ábyrgðin þvælst á milli stiga og þannig haft áhrif á ákvarðanatöku. Dæmi um það eru algeng, t.d. þar sem byggt er á yfirlýstum flóðahættusvæðum, en þar eru reglur innan hvers ríkis (e. *state*) sem stýra byggingareglugerðum en ekki alríkið (e. *federal government*). Þá sér ríkið gróða í því að byggja á staðnum í formi fasteignagjalda o.fl. en svo þegar hörmungar dynja yfir og svæði leggjast undir vatn þá er það á ábyrgð alríkisins að bæta tjónið. Þannig getur ríkið hagrætt sínum reglum og fengið ágóða fyrir það að leggja fólk og eignir í hættu, á meðan það er alríkið sem kemur til bjargar, bæði með mannafla sínum og tryggingafé (Pidot, 2013). Í þessum tilfellum eru stjórnvöld ekki að hugsa hættuna til lengri tíma og gróði og landnýting verða mikilvægara en öryggi fólks.

Viðbrögð yfirvalda geta verið undir áhrifum frá fyrirliggjandi fordómum í samfélaginu, en eins og áður hefur komið fram sýndu Rivera og Miller (2007) með rannsókn sinni á afdrifum þeldökkra í Bandaríkjunum eftir þrjár mismunandi náttúruhamfarir, hvernig valdið var tekið af þeim og heilu samfélögin flutt gegn vilja þeirra. Þeir benda á það að þegar flæddi yfir bakka Mississippi árið 1927 þá hafi rýmingaráætlanir fyrst og fremst verið fyrir hvíta ríka fólkið á meðan fátækari hluti fólksins, aðallega þeldökkir, hafi verið í mestri hættu, búandi á árbakkanum. Þegar útlit var fyrir að varnargarðar myndu bresta þá brugðu yfirvöld á það ráð að hleypa flóðavatninu inn í hverfi fátækra til þess að bjarga „verðmætum“ þeirra sem valdmeiri voru. Íbúarnir voru fluttir á brott gegn vilja sínum og sumum þeirra var dreift í vinnubúðir á vegum ríkisins. Þrátt fyrir yfirlýsingar yfirvalda um að bæta íbúunum tjónið þá varð lítið um þær áætlanir og fólkið varð flóttamenn í eigin landi en flestir leituðu norður á bóginn. Þá telja Rivera og Miller (2007) að náttúrulegir atburðir í Bandaríkjunum hafi haft áhrif á fólksflutninga þeldökkra, þ.e. þeirra sem lenda gjarnan á vergangi í kjölfar þeirra.

Frumbyggjar eru oft jaðarhópur innan ríkja, þeirra lífstíll ekki endilega í takti við restina af samfélaginu og þarf því að huga sérstaklega að því hvernig þeim er veitt aðstoð. Hsu, Howitt og Miller (2015) skoðuðu aðstæður og uppbyggingu í samfélögum hálendisbúa Taiwan í kjölfar fellibylsins Morakot árið 2009. Þar urðu töluverðar skemmdir á bústöðum frumbyggja fjallanna og til að leysa vanda þeirra þá voru þeir fluttir nauðugir á lágland svæði. Þetta eru samfélög sem hafa aðlagð sig búsetu í háfjöllunum og því sjálfsmynd þeirra, siðir og venjur, nátengd fjallalífínu. Það að rífa þau upp með rótum hefur haft gríðarleg áhrif á líðan þeirra og lífsvenjur, ásamt því að leysa upp menningu

þeirra. Einhverjir íbúar töldu viðmót yfirvalda litað af „við vitum hvað er best fyrir ykkur“ hugsunarhætti, á meðan öðrum þótti hjálparstofnanir ráða of miklu um örlog fólksins gegn vilja þeirra. Þá urðu rannsakendur varir við það að kristileg hjálparsamtök reyndu að hafa áhrif á trúarbrögð fólksins þegar það síst mátti við, en einhverjir líktu því við nýlendutímabilið (Hsu, Howitt og Miller, 2015).

Gould, Garcia og Remes (2016) skoðuðu samband ríkis og náttúru í kjölfar mikils jarðskjálfta í Chile árið 2010 og greindu þar þrjú stig þörunar þessara andstæða. Á fyrsta stiginu sé náttúran viðráðanleg og ríkið stjórnar, á öðru stigi sé náttúran hömlulaus og ríkið verður lögregluríki, og á þriðja stigi sé náttúran fjárhagslegt tækifæri þar sem ríkið verður hagsýnt. Þá vilja þau meina að hugtökin náttúra og ríki séu notuð í pólitískum tilgangi til að réttlæta gjörðir stjórnámálanna eftir að hamfarir hafa riðið yfir. Dæmi eru um það að hamfaraástand hafi verið notað til að knýja fram breytingar sem annars hefðu ekki verið samþykktar meðal almennings og eru þannig réttlættar sem lausn ríkisins gegn óvininum, náttúrunni. Þegar kom að uppbyggingu eftir skjálftann í Chile rýmkuðu stjórnvöld byggingareglugerðir og hleyptu einkaaðilum inn á byggingamarkaðinn. Það olli því að rót varð á fólki þar sem þeir efnaminnu enduðu í illa byggðum húsum á verðlausari jörðum meðan einkaaðilar kepptust um að endurbyggja á verðmætum stöðum vegna gróða.

Alþjóðastofnanir gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að uppbyggingu samfélaga í kjölfar náttúruhamfara. Ríki eru misvel búin til að takast á við afleiðingarnar og þurfa því mismikið á aðstoð alþjóðastofnana að halda. Þróunarhjálp og neyðarhjálp er gjarnan veitt af sömu aðilunum, stórum alþjóðlegum góðgerðarstofnunum. Uppbygging eftir náttúruhamfarir líkt og jarðskjálftann á Haítí 2010 er að mestu leyti byggð á aðkomu stórra alþjóðastofnana. Það hefur verið deilt um það hversu mikið samráð var haft við fórnarlömbin sjálf við uppbygginguna og hversu stór hluti hennar byggist á eigin hagsmunum samtakanna sjálfra eða aðilum tengdum þeim.

Eftir hamfarajarðskjálfta í Perú árið 1970 urðu miklar samfélagslegar og efnahagslegar breytingar hjá þjóðinni vegna þess fjölda utanaðkomandi fólks sem kom til að aðstoða, bæði hjálparstarfsmenn og uppbyggingaraðilar. Flestir þeirra komu frá vesturlöndum og höfðu aðrar og dýrari neysluvenjur en heimafólk átti að venjast. Vegna þessa breyttust lífnaðarhættir samfélagsins og meiri áhersla lögð á að þjónusta

aðkomumenn heldur en venjubundna heimamenn. Þrátt fyrir að tilgangur gestanna hafi verið jákvæður þá raskaðist efnahagurinn og afkastageta heimamanna við framleiðslu ofurliði borinn við slíka „innrás“ (Oliver-Smith, 1996).

8 Loftslagsbreytingar og framtíðin

Á Íslandi geta verið örar breytingar á náttúrunni sem hafa áhrif á samfélagið okkar. Öfgafull veður, flóð, jarðskjálftar og eldgos eru atburðir sem flestir Íslendingar upplifa á einhverjum tímapunkti í lífi sínu og við ölumst upp við það að slíkir viðburðir geti verið yfirvofandi. Viðbrögð landans við neyðarástandi hefur sýnt það og sannað að þjóðin stendur saman þegar á reynir. Margir aðilar koma að björgunar- og neyðaraðstoð á Íslandi undir samhæfingu Almannavarna ríkisins, svo sem lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir, hjálparsamtök o.s.frv. og okkur þykir eðlilegt að þessir aðilar bregðist hratt við þegar náttúruvá steðjar að. Við höfum náð góðum árangri í forvörnum og viðbragðsáætlunum og ætla mætti að þekking þjóðarinnar við uppbyggingu samfélaga eftir hamfarir sé nokkur. Það er þó ekki fyrr en árið 2008 sem gefin var út ráðgefandi bæklingur um langtímaviðbrögð íslenskra sveitarfélaga við náttúruhamförum. Þar er það gagnrýnt hversu mikið vægi ríkislögreglustjóri hefur og embætti hans hefur við ákvarðanatöku í náttúruhamförum umfram sveitarfélögin sjálf. Þá er undirstrikað mikilvægi þess að heimamenn séu ráðandi í uppbyggingu á eigin samfélagi (Sólveig Þorvaldsdóttir og fl., 2008). Það hvort embætti ríkislögreglustjóra eigi að fara með stjórn aðgerða í kjölfar náttúruhamfara er umdeilanlegt, það krefst mannafla og víðtækrar þekkingar á svæðinu – sem sum lögregluumdæmi hafa ekki innan handar. Það er því nauðsynlegt að vinna náið með fólkinu sjálfu að lausnum til að ná sem bestum árangri, mesta þekkingin og mannauðurinn er meðal heimamanna.

Sífelld fleiri eru flokkaðir sem umhverfisflóttamenn í heiminum en það er fólk sem hefur þurft að flýja heimili sín vegna náttúruvá. Mannkynið glímir við nýja ógn sem það hefur ekki fundið lausn á en sjáum afleiðingarnar af um allan heim. Með auknum áhrifum náttúrunnar á mannleg samfélög sem rekja má til loftslagsbreytinga eru líkur á að hamfarir nútímans verði stærri og voldugri. Berchin, Valduga, Garcia og de Andrade (2017) benda á það í grein sinni að skilgreina þurfi frekar hugtakið flóttamaður á alþjóðavettvangi þar sem fólk sem neyðist til flytjast búferlum vegna náttúruvá fellur utan flokka; það hefur engin réttindi sem flóttafólk og fær því takmarkaða aðstoð við að koma sér fyrir á nýjum stað. Það er því ekki skilgreiningin sjálf sem skiptir aðalmáli heldur eru það lagaleg réttindi umhverfisflóttamanna og verndun þeirra sem ættu að vera í forgangi.

Hermann (2017) segir umræðuna um umhverfisflóttamenn í Ameríku vera á villigötum þar sem reynt er að gera þá „fjarlægga“, þeir séu ekki með sömu menningu þar sem þetta séu yfirleitt frumbyggjar á norðlægari slóðum og því hægt að tala um þá sem „hina“. Þannig sé verið að setja fórnarlömbin utan rammans sem inniheldur hugmyndina um „okkur“ og þeir gerðir að „hinum“ sem eru að berjast við umhverfisógnir sem koma „okkur“ ekki við. Hermann (2017) bendir einnig á það að það séu gjarnan þeir sem hafa minnst áhrif á hlýnun loftslags sem verða fyrir afdrifarískustu afleiðingunum af völdum þess; þetta eru oftast samfélög sem hafa lifað í sátt og samlyndi við náttúruna í margar kynslóðir sem nú neyðast til að yfirgefa lífsviðurværi sitt. Enn fremur bendir hún á það að viss samfélög í Alaska hafi verið þvinguð til fastrar búsetu á stöðum þar sem þau áður eyddu sumrunum, þegar skólaskylda barna var gerð að lögum. Dæmi um þetta er bærinn Shishmaref sem að eyðast smátt og smátt vegna rofs á strandlengju bæjarins, en þar sem áður hafði verið hafís á veturnar sem verndaði hana er núna beljandi sjórinn og vonskuveður sem ógnar (Hermann, 2017; 212). Fólkið sem þar býr sér sig nú knúið til að flytjast búferlum aftur og aðlaga sig nýju svæði. Þannig er það sama fólkið sem hefur verið beitt kerfisbundnu ofbeldi og lifað við fordóma og mismunun í margar kynslóðir sem þarf að beygja sig og bugta fyrir ágangi náttúrunnar.

Umræðan um endurbyggingu á það til að snúast um það að samfélög nái fyrri stöðu eða „eðlilegri“ stöðu aftur í kjölfar hamfara. Það má þó deila um það hvort hægt sé að ná sömu stöðu aftur eftir mikið áfall eða hvort hreinlega sé löngun til þess að ná henni. Ef á annað borð hafa orðið miklar hamfarir vegna náttúrulegs atburðar þá bendir margt til þess að varnarleysi íbúa hafi verið mikið og innviðir samfélagsins ekki ráðið við áfallið sem það varð fyrir og því vafasamt að vilja komast aftur á byrjunarreit (Kelman og fl., 2016). Það að ná fyrri stöðu getur því boðið upp á að varnarlausir íbúar eigi á hættu á að upplifa náttúruhamfarir að nýju. Þrátt fyrir mikinn fjölda skilgreindra hamfara á einu ári í Bandaríkjunum, ásamt spám um aukin og alvarlegri tilfelli vegna hnattrænnar hlýnunar, þá er enn áhersla lögð á það að byggja upp samfélög á sama stað og áður. Pidot (2013) bendir á að það sé endalaus vítahringur að vera aftur og aftur að bjóða upp á búsetu á hættulegum svæðum en það hefur verið tilfellið í hamfarauppbyggingu í Bandaríkjunum. Það þurfi að breyta hugarfarinu gagnvart náttúruvá og sætta sig við þá staðreynd að mannskepnan þarf að aðlaga sig að breyttum heimi.

DRR (e. *Disaster Risk Reduction*) er nálgun ýmissra samtaka á fjölbreyttum fræðasviðum til að skilgreina náttúruhamfarir út frá hagnýtum og rökréttum aðferðum (Bankoff og fl., 2015). Hugtakið nær enn fremur til þeirra áætlana sem gerðar eru til að fyrirbyggja skaða í hamförum, auk þeirra aðgerða sem gripið er til í kjölfar þeirra. Deilt hefur verið um það hvort að þeir aðilar sem koma að DRR taki nægilegt tillit til mismunandi áherslna og menningar þeirra samfélaga sem upplifa náttúruhamfarir. Og jafnvel þó að raddir einhverra í samfélaginu heyrast þá gleymast gjarnan þeir sem minnst mega sín og hafa fyrir vikið lága rödd. Þá hefur gengið illa að innleiða DRR áætlanir og áhættuminnkun inn í regluverk þjóðríkja þó svo að til langs tíma séu þær þjóðhagslega hagkvæmar (Oliver-Smith og fl., 2017). Þá er þörf á því að alþjóðastofnanir sem sinna hjálparstarfi setji sér skýra sameiginlega stefnu í því að hvernig nálgast eigi þiggjendur aðstoðar. UNISDR eru ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem hefur það hlutverk að fylgja eftir áhættuminnkun hamfara (Disaster Risk Reduction). Árið 2015 gaf stofnunin út sameiginlega áætlun um áhættuminnkun vegna hamfara fyrir allan heiminn. Það verður áhugavert að fylgjast með framgangi mála á því sviði en sífellt fleiri ríki eru farin að viðurkenna að bregðast þurfi við loftslagsvandannum. Stefnumarkandi leiðbeiningar alþjóðastofnana þurfa að einbeita sér að því hvernig varnarleysi samfélaganna lýsir sér, hvernig stjórnkerfin eru undir hamfarir búin og hvernig auði, úrræðum og öryggi er dreift meðal íbúanna (Oliver-Smith, 2013). Þær þjóðir sem verða fyrir hve mestum afleiðingum af náttúruhamförum eru oftast ekki með veikbyggð stjórnkerfi, fyrir atburðina, þar sem ójöfnuður þrífst. Samfélög sem búa við mikla spillingu geta þar af leiðandi verið í aukinni hættu þegar kemur að áföllum vegna náttúrunnar en Rahman (2018) sýnir fram á það hvernig varnarleysi íbúa í strandhéruðum Bangladesh eykst vegna spillingar sem viðgengst í samfélaginu. Stór hluti íbúa þar treystir á afurðir úr skóglendi sér til lífsviðurværis en til þess að fá aðgang að því þurfa þau að borga skógarvörðum og gengjum mútur. Með þessu er fjármagn fólksins skert auk þess sem aðgangur þeirra að náttúruauðlindunum er takmarkaður, sem veikir stöðu þeirra í baráttu við aukinn ágang sjávar á lágreistu landi þeirra – einni af þeim afleiðingum loftslagsbreytinga sem mest ógnar íbúum þróunarlanda sem búa við strendur og óshólma.

9 Lokaorð og umræður

Tilgangur þessa lokaverkefnis var að skoða hvað fælist í hugtakinu náttúruhamfarir og hvernig mannfræðin kemur að gagni þegar veita á neyðaraðstoð í kjölfar slíkra atburða. Það er hægt að túlka orðið á margan hátt og skilgreina eftir hentugleika. Hugtakið er flæðandi og er notað yfir víðan og fjölbreyttan hóp atburða sem tengjast náttúrunni. Það er hægt að nota það til að vekja athygli á vissum atburðum og það má misnota það í neikvæðum tilgangi. En þegar kafað er dýpra í það hvað felst í hamförum af þessum toga má oft greina mismunun og fordóma þegar kemur að því að skilgreina atburð sem hamfarir og þegar veita á fólki aðstoð vegna þeirra. Það virðist skipta máli hver það er sem verður fyrir áfalli þegar fjallað er um neyð fólks. Umfjöllun fjölmiðla er sjálfhverf og snýst um að vekja samúð með okkar líkum – Vesturlandabúum – en gera neyð fjarlægja þjóða ópersónulega og jafnvel sleppa því að fjalla um þær.

Mannfræðin er nauðsynleg þegar fjalla á um og skoða samfélög manna, ekki síst þegar neyð steðjar að. Með því að horfa á hamfaraástand í gegnum gleraugu mannfræðinnar og með menningarlegt afstæði í huga er hægt að veita viðeigandi aðstoð í samræmi við þarfir fólksins. Það er vafasamt að ætla að þörf samfélaga fyrir neyðaraðstoð sé sú sama hvar sem er í heiminum og ekki er hægt að gera ráð fyrir að öll samfélög vilji utanaðkomandi aðstoð. Áhrif hjálparstarfs í kjölfar hamfara geta haft neikvæðar afleiðingar eins og dæmið frá Perú sýnir; efnahagur og iðnaðarhættir þjóðarinnar breyttust vegna áhrifa og fjölda hjálparstarfsmanna. Í Chile var sýnt fram á að stjórnvöld nýttu sér hamfaraástandi til að rýmka byggingareglugerðir og hleypa einkaaðilum inn á uppbyggingarmarkaðinn og neyð manna þannig markaðsvædd. Í Taívan voru heilu samfélögin flutt gegn vilja sínum frá háfjöllum til þess að „bjarga“ þeim og á Filipseyjum vildi fólk ekki rýma þar sem þau treystu ekki yfirvöldum. Í öllum þessum tilfellum hefði samtal og samráð við fólkið, útfrá þeirra menningu og þörfum, getað skipt sköpum fyrir útkomuna.

Varnarleysi samfélaga er mismunandi, eins og ég hef sýnt fram á, en jaðarhópar, svo sem fátækir, frumbyggjar og þeldökkir, eiga oft undir högg að sækja í kjölfar náttúrulegra atburða. Kerfisbundið ofbeldi og fordómar í Bandaríkjunum kemur að mínu mati skýrt fram þegar hamfaraástand skapast þar, líkt og Rivera og Miller (2007) sýna fram á, þegar afleiðingar náttúruhamfara á þeldökka Bandaríkjamenn eru skoðaðar.

Þegar bornir eru saman atburðir sem eru skilgreindir sem náttúruhamfarir hér á Íslandi og tilfelli frá ólíkum menningarheimum má sjá mikinn mun. Margir þættir hafa vissulega áhrif á hversu vel hefur gengið hérlendis, þar á meðal fólksfjöldi og lág fátæktartíðni, en samvinna íbúa og traust á stjórnvöldum skipta einnig miklu máli. Það er ekki sjálfgefið að geta gengið að því vísu að almannavarnarkerfi og stjórnvöld starfi sem skyldi, líkt og reynslan af Íslandi sýnir, það eru margir þættir í innviðum ríkisins sem þurfa að ganga upp til að svo sé.

Ég tel að sú birtingarmynd sem er dregin upp af náttúruhamförum í almennri umræðu og fjölmiðlum sé varhugaverð. Taka verði meira tillit til þeirra staðreynda sem liggja að baki því að hamfaraástand skapast. Ég hef reynt að sýna fram á dæmi þar sem hamfarir eiga sér dýpri rætur heldur en eingöngu vegna ágangs náttúrunnar, en ójöfnuður og kerfisbundið ofbeldi er greinanlegt í mörgum tilfellanna. Þegar litið er til þessa samfélagslegu skapaða þátta er hægt að varpa skýrari ljósi á orsakir þess að hamfaraástand verður til. Með því að horfa á atburðina í gegnum linsu mannfræðingsins er möguleiki á að greina enn frekar hverjar þarfir samfélagsins eru og á hvaða hátt er hægt að aðstoða það, sé þess þörf. Bera verður virðingu fyrir því hvort og hvers konar hjálp hentar hverju sinni, það ber að varast að þvinga fólk til að þiggja hana. Eins og ég hef sýnt fram á í ritgerðinni eru það gjarnan jaðarhópar innan ríkja sem eru hvað varnarlausastir þegar kemur að náttúrunni, rödd þeirra fær sjaldnast að hljóma. Mannfræðingar geta rannsakað þarfir þessara hópa í þeim tilgangi að veita þeim rödd í gegnum fræðin, ásamt því að varpa betra ljósi á það hvað eru hamfarir í raun.

Anna Katrín Jónsdóttir

Heimildaskrá

- Alexander, D. (1997). The study of natural disasters, 1977-1997: some reflections on a changing field of knowledge. *Disaster*, 21(4), 284-304.
- Alexander, D. (2015). Celebrity culture, entertainment values... and disaster. Í Bankoff, G., Cannon, T., Krüger, F. og Schipper, E. L. F. (ritstjórar), *Cultures and Disasters: Understanding cultural framings in disaster risk reduction* (bls. 179-192). London: Routledge
- Ágúst Gunnar Gylfason. (2008). Náttúruhamfarir á Íslandi 1900-2008. Í *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 121-126). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Árni Böðvarsson (ritstjóri). (1997). *Íslensk orðabók fyrir skóla og skrifstofur* (Önnur útgáfa, aukin og bætt). Reykjavík: Mál og menning.
- Bankoff, G., Cannon, T., Krüger, F. og Schipper, E. L. F. (2015). Introduction: exploring the links between cultures and disasters. Í Bankoff, G., Cannon, T., Krüger, F. og Schipper, E. L. F. (ritstjórar), *Cultures and Disasters: Understanding cultural framings in disaster risk reduction* (bls. 1-16). London: Routledge.
- Barnard, A. (2000). *History and theory in anthropology*. Cambridge University Press.
- Berchin, I., Valduga, I., Garcia, J. og de Andrade, J. B. S. O. (2017). Climate change and forced migrations: An effort towards recognizing climate refugees. *Geoforum*, 84, 147–150. doi:10.1016/j.geoforum.2017.06.022.
- Cutter, S. L. og Finch, C. (2008). Temporal and spatial changes in social vulnerability to natural hazards. *PNAS*, 105(7), 2301-2306.
- Cannon, T. (2015). Disasters, climate change and the significance of „culture“. Í Bankoff, G., Cannon, T., Krüger, F. og Schipper, E. L. F. (ritstjórar), *Cultures and Disasters: Understanding cultural framings in disaster risk reduction* (bls. 88-106). London: Routledge.
- Dalisay, S. N. og De Guzman, M. T. (2016). Risk and culture: the case of typhoon Haiyan in the Philippines. *Disaster Prevention and Management: An International Journal*, 25(5), 701-714.
- Eriksen, T. H. (2010). *Small places, large issues: An introduction to social and cultural anthropology*. (3. útgáfa.) New York: Pluto Press.
- Farmer, P. (2004). An anthropology of structural violence. *Current Anthropology*, 45(3), 305-325.
- Foucault, M. (1991). Governmentality. Í Burchell, G., Gordon, C. og Miller, P. (ritstjórar), *The Foucault effect: studies in governmentality: with two lectures by and an interview with Michel Foucault*. Chicago: University of Chicago Press. (frumútgáfa?)

- Galtung, J. (1969). Violence, peace and peace research. *Journal of Peace Research*, 6(3), 167-191.
- Gould, K. A., Garcia, A. A. og Remes, J. A. C. (2016). Beyond „natural-disasters-are-not-natural“: the work of state and nature after the 2010 earthquake in Chile. *Journal of Political Ecology*, 23, 93-114.
- Hermann, V. (2017). America’s first climate change refugees: Victimization, distancing, and disempowerment in journalistic storytelling. *Energy Research & Social Science*, 31, 205-214.
- Hewitt, K. (2015). Framing disaster in the „global village“: cultures of rationality in risk, security and news. Í Bankoff, G., Cannon, T., Krüger, F. og Schipper, E. L. F. (ritstjórar), *Cultures and Disasters: Understanding cultural framings in disaster risk reduction* (bls. 19-36). London: Routledge.
- Ho, K. (2007). Structural violence as a human rights violation. *Essex Human Rights Review*, 4(2), 1-17.
- Howard, A., Agllias, K., Bevis, M. og Blakemore, T. (2017). “They’ll tell us when to evacuate”: The experiences and expectations of disaster-related communication in vulnerable groups. *International Journal of Disaster Risk Reduction*, 22, 139-146.
- Hsu, M., Howitt, R. og Miller, F. (2015). Procedural vulnerability and institutional capacity deficits in post-disaster recovery and reconstruction: Insights from Wutai Rukai experiences of typhoon Morakot. *Human Organization*, 74(4), 308-318.
- Kelman, I., Gaillard, J. C., Lewis, J. og Mercer, J. (2016). Learning from the history of disaster vulnerability and resilience research and practise for climate change. *Natural Hazards*, 82(1), 129-143.
- Lög um almannavarnir nr. 82/2008.
- Oliver-Smith, A. (1996). Anthropological research on hazards and disasters. *Annual Review Anthropology*, 25(1), 303-328.
- Oliver-Smith, A. (2013). Disaster risk reduction and climate change adaption: The view from applied anthropology. *Human Organization*, 72(4), 275-282.
- Oliver-Smith, A. (2015). Conversations in catastrophe: neoliberalism and the cultural construction of disaster risk. Í Bankoff, G., Cannon, T., Krüger, F. og Schipper, E. L. F. (ritstjórar), *Cultures and Disasters: Understanding cultural framings in disaster risk reduction* (bls. 37-52). London: Routledge.
- Oliver-Smith, A., Alcántara-Ayala, I., Burton, I. og Lavell, A. (2017). The social construction of disaster risk: Seeking root causes. *International Journal of Disaster Risk Reduction*, 22, 469-474.

- Pidot, J. (2013). Deconstructing disaster. *Brigham Young University Law Review* 2013(2), 213-258.
- Rahman, A. (2018). Governance matters: climate change, corruption, and livelihoods in Bangladesh. *Climate Change*, 147(1-2), 313-326.
- Rivera, J. D. og Miller, D. S. (2007). Continually neglected: Situating natural disasters in the African American experience. *Journal of Black Studies*, 37(4), 502-522.
- Smith, N. (2006). There is no such thing as natural disaster. Understanding Katrina: Perspectives from the social sciences. *Social Science Research Council*.
<http://understandingkatrina.ssrc.org/Smith/>
- Solman, P. og Henderson, L. (2018). Flood disasters in the United Kingdom and India: A critical discourse analysis of media reporting. *Journalism*, 1-12.
doi:1464884918762363.
- Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir. (2008). *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum*. Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Soron, D. (2007). Cruel weather: Natural disasters and structural violence. *Transformations*, http://www.transformationsjournal.org/wp-content/uploads/2017/01/Soron_Transformations14.pdf
- Tylor, E. B. (1871). *Primitive Culture: Researches Into the Development of Mythology, Philosophy, Religion, Art, and Custom*. Murray.